

Frumvarp til laga

um

breyting á tíma þeim, er hið reglulega Alþingi kemur saman.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

Hið reglulega Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur eigi ákveðið annan samkomudag sama ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum Nr. 41, 20. okt. 1905, er ákveðið, að alþingi skuli koma saman 15. febrúar, og hefir svo verið síðan 1909. En þessi samkomudagur hefir eigi reynst hentugur, og mun nú alment vera álitid að alþingistími sá, sem verið hefir frá aldaöldli, sumartíminn frá mánaðamótunum júní—júli, sje hentugastur. Svo ber þess að gæta, að eigi verður því við komid að halda alþingi í alþingishúsinu um vetrartímann, meðan háskólinn hefir þar húsnæði, en svo verður að vera fyrst um sinn; annarsstaðar er eigi hægt að láta hann hafa húsnæði, eins og nú hagar. Fyrir þessar sakir er farið fram á það í þessu lagafrumvarpi, að samkomudagur hins reglulega alþingis sje fyrsti virkur dagur í júlímánuði ár það, er alþingi á að eiga samkomu.